

greina. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 5430.00 ásamt vöxtum samkvæmt aðalkröfu. Enn fremur til þess, samkvæmt varakröfu, að greiða kr. 2000.00, nafnverð tveggja hlutabréfa í h/f Grímur ásamt gjaldföllnum arði frá stofnun félagsins, og er viðurkennt af báðum aðiljum, að sá gjaldfallni arður nemi kr. 300.00. Loks ber að dæma hann til að greiða stefnanda 300 kr. í málskostnað.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi í þessu máli, Grímur h/f í Borgarnesi, greiði stefnandanum, Ólafi Sigurðssyni verkamanni í Borgarnesi, 5430 — fimm þúsund fjögur hundruð og þrjátíu — krónur með 5% ársvöxtum frá $\frac{1}{11}$ 1942 að telja, þar til greitt er. Enn fremur greiði stefndi stefnandanum 2300 — tvö þúsund og þrjú hundruð krónur. — Loks greiði stefndi stefnandanum 300 — þrjú hundruð — krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 14 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. nóvember 1948.

Nr. 19/1947. **Réttvísir** (Hrl. Lárus Jóhannesson)
gegn

Jóni Gizurarsyni (Hrl. Ragnar Ólafsson)

Jóhannesi Ólafssyni

(Hrl. Guttormur Erlendsson)

og

Snorra Laxdal Karlssyni

(Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Lögreglumenn og fangavörður sekir við 131. gr. hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur hæstaréttar.

Í vottorði Péturs H. J. Jakobssonar lækni, dags. 22. september 1944, sem skráð er í héraðsdómi, er lýst áverkum þeim, sem voru á A. B-syni, þegar læknirinn skoðaði hann 2. maí sama ár. Með skýrslum þeirra A. B-sonar, Maríu Ásgeirsdóttur, systur hans, og Bergs Sigurbjörnssonar, þáverandi herbergisfélaga hans, sem þau hafa

öll staðfest með eiði, má telja sannað, að A. B-son hafi haft áverka þessa á sér, er hann kom heim til sín árdegis þann 30. apríl 1944, skömmu eftir að honum var sleppt úr haldi á lögreglustöðinni. Um afleiðingar aðaláverkans og sjúkrahússvist A. B-sonar frá 19. október 1944 til 28. nóvember sama ár greinir í vottorði Matthíasar Einarssonar yfirlæknis, dags. 5. febrúar 1945, sem einnig er tekið orðrétt upp í héraðsdóm. Þann 14. júní 1945 hefur þáverandi tryggingaryfirlæknir Jóhann Sæmundsson metið örorku A. B-sonar vegna meiðslanna og afleiðinga þeirra 100% frá 30. apríl 1944 til desemberloka sama ár, 30% frá 1. janúar til febrúarloka 1945 og eftir það varanlega örorku 10%.

Samkvæmt skýrslu A. B-sonar, sem einnig styðst við vætti þeirra Mariú og Bergs svo og skýrslu Árna Finnbjarnarsonar, var A. B-son heill og hraustur, er hann fór á dansleikinn að Hótel Borg að kvöldi 29. apríl 1944. A. B-son kveður sig minna, að hann hafi aðeins dreypt á vínglasi laust fyrir kl. 9 um kvöldið, en fullyrðir, að annars vins hafi hann ekki neytt á dansleiknum eða eftir að honum lauk. Allmörg vitni, þar á meðal lögreglumenn þeir, sem handtóku A. B-son, eru á einu máli um það, að ekki hafi séð á honum áhrif áfengis. Á dansskemmtuninni lenti A. B-son ekki í neinum ryskingum.

Eftir að dansleiknum var lokið kl. 3 um nóttina og A. B-son var kominn út úr húsinu, veittist hann með nokkrum ofstopa að lögreglumönnum, sem gættu reglu við útidyr Hótel Borg og ekki vildu leyfa honum að fara aftur inn í húsið. Leiddi það til þess, að tveir lögreglumenn handtóku A. B-son og fluttu hann til lögreglustöðvarinnar. A. B-son hefur lýst viðureigninni við Hótel Borg á þá leið, að fyrst hafi lögreglumaður hrundið honum frá dyrunum, en við það hafi hann hrasað upp að bifreið, sem stóð þar skammt frá. Eftir það kveðst A. B-son hafa skellt hurð á lögreglumanninn. Hafi þá lögreglumaðurinn greitt honum hnefnahögg á hokuna vinstra megin. Kveðst A. B-son þá hafa fallið aftur á bak til jarðar. Viðkomandi lögreglumaður hefur neitað því, að hann hafi barið A. B-son hnefnahögg í andlitið, en kveðst hins vegar hafa slegið hann létt högg með kylfu á annað

lærið neðan til. A. B-son telur sig aftur á móti ekki hafa orðið fyrir neinu kylfuhöggi. Kveðst hann hafa gripið kylfuna á lofti og afstýrt högginu. Ekki hefur verið leitt í ljós til fulls, hvernig atvikum var háttað, en hvort sem skýrsla A. B-sonar eða lögreglumannsins er lögð til grundvallar, þá verða ekki taldar líkur til þess, að A. B-son hafi hlotið umrædda áverka í þessari viðureign, að undantekinni skeinu á fingri. Sérstaklega verður að telja loku fyrir það skotið, að hann hafi þá fengið mesta áverkann, sem ætla má, að vart hefði orðið við þá þegar. Ekki er heldur nein líkindi til þess, að A. B-son hafi hlotið áverkana við flutning hans til lögreglustöðvarinnar né í lögregluvarðstofunni.

Er A. B-son hafði dvalizt um hrið uppi í lögregluvarðstofunni, fól varðstjóri hinum ákærðu, lögreglumönnunum Jóhannesi Ólafssyni og Snorra Laxdal Karlssyni og Jóni Gizurarsyni fangaverði, að flytja A. B-son niður í fangageymslu í kjallara lögreglustöðvarinnar.

A. B-son skýrir svo frá, að þegar ákærðu Jóhannes og Snorri voru komnir með hann niður í gang fangageymslunnar, hafi annar þeirra lagt fyrir hann að fara úr frakknum. Ef A. B-son neitaði því, hafi ákærði Jón sagt: „Lemjið þið helvítis þrjótinn“. Þá hafi hinir ákærðu Jóhannes og Snorri snúið upp á hendur hans, svo að hann hafi orðið að standa hálfboginn og því lítt séð, hvað fram fór. Rétt á eftir hafi hann fengið högg „neðan hægra eyra, upp á hægra kinnbein“. Við það hafi hann orðið ringlaður, fallið á gólfið og um stund hnigið í ómegín. Eftir þetta hafi honum verið greidd högg, að því er hann heldur með kylfu, og hafi hann þá hlotið umgetna áverka, að fingurmeiðsli undanskildu. Hann telur sér ekki hafa verið ljóst, vegna ofangreinds ástands síns, hvernig hann var barinn, og getur ekki gert sér þess grein, hver eða hverjir hinna ákærðu hafi veitt honum áverkana. Er framburður hans, er að þessu hnigur, allmjög á reiki.

Ákærði Jóhannes var prófaður í máli þessu í lögreglurétti Reykjavíkur 14. og 18. október 1944. Kvaðst hann þá muna, að hann hafi ásamt ákærðu Snorra og Jóni flutt A. B-son í fangageymsluna, en hins vegar neitaði hann því, að hann

myndi nokkuð annað í sambandi við flutning A. B-sonar þangað. Þann 4. desember 1945, er rannsókn málsins hafði legið niðri meira en ár, skýrði Jóhannes frá því utan réttar, að hann hafi vitað meira en hann lét upp í fyrrgreindum réttarhöldum. Varð það til þess, að rannsókn málsins var tekin upp af nýju. Í lögregluþinghaldi 4. desember 1945 skýrði Jóhannes nú þannig frá, að eftir að A. B-son var fluttur í kjallarann, hafi hann neitað að láta færa sig úr jakkanum og veitt mótspyrnu. Þá hafi þeir Jóhannes og Snorri snúið upp á hendur hans, en við það hafi A. B-son setzt á gólfið. Þeir lögreglumennirnir hafi þá sleppt tök-unum, en ákærði Jón skipað A. B-syni að standa upp, sparkað þrisvar til fjórum sinnum í hægri lend hans og sagt við þá lögreglumennina: „Berjið þið helvítis þrjótinn“ eða eitt-hvað á þá leið. Þeir lögreglumennirnir hafi þó ekki hlýtt þessu, heldur farið A. B-son inn í fangaklefa. A. B-son hafi aldrei misst meðvitund og enga áverka hafi verið á honum að sjá. Í framhaldsprófum, sem haldin hafa verið eftir uppsögn héraðsdóms í máli þessu, hefur ákærði Jóhannes haldið fast við þenna framburð, en kannast við, að hann hafi gegn betri vitund leynt atvikum í þinghaldi 14. október 1944. Hann hefur staðfastlega neitað því, að hann hafi sjálfur barið A. B-son með kylfu eða veitt honum áverka á annan hátt. Svo kveðst hann og ekki hafa orðið þess var, að A. B-son yrði fyrir nokkurri líkamsárás af hendi ákærða Snorra og ekki heldur af ákærða Jóni fram yfir það, er að framan greinir.

Þegar ákærði Snorri var fyrst yfirheyrður í máli þessu þann 14. október 1944, kvaðst hann ekkert muna til þess, að hann hafi tekið þátt í því að flytja A. B-son í fangageymsluna eða að hann hafi haft af honum nokkur afskipti. Næst var Snorri prófaður í þinghaldi 4. des. 1945. Mundi hann þá eftir því, að hann hefði ásamt ákærðu Jóhannesi og Jóni flutt A. B-son í fangageymsluna. Hann kvað A. B-son hafa neitað að fara úr jakkanum og sýnt af sér móthróa. Þeir lögreglumennirnir hafi þá snúið upp á hendur A. B-sonar og sveigt þær aftur fyrir bak, en við það hafi A. B-son setzt á gólfið. Hann kveðst ekki minnst þess, að ákærði Jón hafi

sparkað í A. B-son eða barið hann. Hins vegar hafi Jóni þótt þeir lögreglumennirnir atkvæðalitlir í því að láta A. B-son hlýða, og hafi hann spurt þá, hvort þeir „gætu ekki látið helvítis manninn hlýða“ eða eitthvað á þá leið. Síðar í sama þinghaldi kvaðst ákærði Snorri minnst þess, að hann hafi heyrt ákærða Jón segja eitthvað á þá leið, að réttast væri að „berja þessa djöfla“, en ekki kvaðst hann muna, hvort Jón hafi haft þessi ummæli, þegar A. B-son var settur í fanga-geymsluna. Ákærði Snorri hefur eindregið neitað því, að hann hafi barið A. B-son eða á annan hátt valdið áverkum hans. Hann kveðst ekki heldur hafa orðið var við, að hinir samákærðu Jóhannes og Jón hafi barið A. B-son.

Ákærði Jón hefur stöðugt neitað því, að hann hafi barið A. B-son eða sparkað í hann eða yfirleitt beitt hann nokkrum harðræðum. Hann synjar þess og, að hann hafi hvatt lög- reglumennina til að berja A. B-son. Kveðst hann ekki hafa haft ummæli þau, sem A. B-son og hinir ákærðu Jóhannes og Snorri hafa eftir honum. Hins vegar geti verið, að hann hafi látið orð falla í þá átt, hvort lögreglumennirnir gætu ekki látið manninn hlýða.

Eins og áður greinir, eru ekki líkindi til þess, að A. B-son hafi hlotið umgetna áverka, að undanteknu fingurmeiðsli- nu, áður en hinum ákærðu var falið að flytja hann í fanga- geymsluna. Það er og sannað, að hann hafði á sér áverk- ana, er hann kom heim til sín, sama morguninn sem hann var láinn laus úr fangageymslunni. Engir aðrir en hinir ákærðu höfðu afskipti af A. B-syni, meðan hann var í haldi í kjallara lögreglustöðvarinnar. A. B-son hefur eindregið haldið því fram og staðfest þá skýrslu með eiði, að ákærðu hafi veitt honum áverkana, er þeir voru að flytja hann í fangaklefan, svo sem áður segir. Framburður hinna ákærðu Jóhannesar og Snorra hefur reynzt óstöðugur, og þeir eru sannir að því að hafa í prófum málsins leynt atvikum, sem þeir vissu um og máli skiptu. Þegar öll þessi atriði eru virt, þá þykir ekki varhugavert að telja sannað, að A. B-son hafi hlotið áverkana í kjallara lögreglustöðvarinnar af völdum einhvers eða einhverra hinna ákærðu.

Rannsókn máls þessa hefur aftur á móti ekki leitt í ljós,

hver hinna ákærðu hefur veitt A. B-syni áverkana eða hverjir, ef fleiri en einn þeirra hefur gert það. Það þykir og ekki fyllilega sannað gegn eindreginni neitun ákærða Jóns og eins og framburði ákærða Jóhannesar er háttað, að Jón hafi hvatt hina ákærðu Jóhannes og Snorra til að veita A. B-syni líkamsmeiðingu samkvæmt 23. kafla laga nr. 19/1940. Verður því, eins og sönnun er háttað, enginn hinna ákærðu sakfelldur fyrir brot á ákvæðum nefnds kafla hegningarlaganna.

Hinir ákærðu voru allir löggæzlumenn, sem falin hafði verið framkvæmd fangelsunar. Ekki getur hjá því farið, að þeim hafi öllum að minnsta kosti verið kunnugt um misferli það, sem átti sér stað í sambandi við flutning A. B-sonar í fangageymsluna. Af því leiðir, að fullyrða má um hvern þeirra út af fyrir sig, að hann hafi annað hvort sjálfur staðið að líkamsárás þeirri, sem A. B-son varð fyrir, eða látið undir höfuð leggjast að veita honum vernd gegn árásinni og að skýra yfirboðurum sínum frá misferlinu. Hinir ákærðu eru því allir sekir um það að hafa framkvæmt fangelsunina á ólöglegan hátt, og varðar það þá refsingu samkvæmt 131. gr. laga nr. 19/1940. Við ákvörðun refsingar ber á það að líta, að A. B-son beitti nokkrum mótþróa við fangelsunina. Þykir refsing hvers hinna ákærðu, sem samkvæmt yfirlýsingu lögreglustjórans í Reykjavík voru allir sviptir löggæzlumannastarfa sínum hinn 4. desember 1945, hæfilega ákveðin 2500 króna sekt til rikissjóðs, og komi 35 daga varðhald í stað sektar hvers þeirra, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti skal fara sem hér segir: Ákærðu greiði hver um sig skipuðum talsmanni sínum í héraði málsvarnarlaun, kr. 500.00. Þeir greiði og hver um sig skipuðum verjanda sínum í hæstarétti málflutningslaun, kr. 1200.00. Allan annan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 1500.00, greiði hinir ákærðu in solidum.

Þórður Björnsson, fulltrúi sakadómara, hafði á hendi rannsókn máls þessa frá því að hún hófst þann 13. októ-

ber 1944 og þar til að henni var frestað þann 21. sama mánaðar. Eftir að rannsókn var tekin upp af nýju þann 4. desember 1945, fór Logi Einarsson, fulltrúi sakadómara, með framkvæmd hennar. Hvorugur framangreindra rannsóknardómara hefur framkvæmt rannsóknina með nægilegri röggsemi, eftir því sem efni stóðu til. Einkum er það aðfinnsluvert, að hinir ákærðu skyldu ekki vera úrskurðaðir í gæzluvarðhald, er rannsókn var hafin af nýju þann 4. desember 1945, eftir að ákærði Jóhannes hafði breytt framburði sínum.

Flutningur máls þessa hófst í hæstarétti í maímánuði síðastliðnum, en var þá frestað vegna framhaldrannsóknar. Halda skyldi flutningi málsins áfram í júnimánuði. Af því gat þó ekki orðið, sökum þess að skipaður verjandi ákærða Snorra Laxdals Karlssonar, Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður, fór af landi brott, án þess að skýra hæstarétti frá brottför sinni. Var því ekki unnt að skipa i tæka tíð annan verjanda í hans stað. Verður að víta þessa háttsemi hæstaréttarlögmannsins.

D ó m s o r ð :

Ákærðu, Jón Gizurarson, Jóhannes Ólafsson og Snorri Laxdal Karlsson, greiði hver um sig 2500 króna sekt til rikissjóðs, og komi 35 daga varðhald í stað sektar hvers þeirra, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Jón Gizurarson greiði skipuðum verjanda sínum, Ragnari Ólafssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun í héraði, kr. 500.00 og málf lutningslaun í hæstarétti, kr. 1200.00.

Ákærði Jóhannes Ólafsson greiði skipuðum verjanda sínum í héraði, Einari B. Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 500.00 og skipuðum verjanda sínum í hæstarétti, Guttormi Erlendssyni hæstaréttarlögmanni, málf lutningslaun, kr. 1200.00.

Ákærði Snorri Laxdal Karlsson greiði skipuðum verjanda sínum, Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun í héraði, kr. 500.00, og málflutningslaun í hæstarétti, kr. 1200.00.

Allan annan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00, greiði allir hinir ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hrd.

Ég lít svo á, að hver sá hinna ákærðu, sem kann að hafa látið afbrotið afskiptalaust, hafi gerzt sekur við 141. gr. laga nr. 19/1940, með því að hafast ekkert að til að hindra afbrotið og að því beri að ákveða refsingu hinna ákærðu samkvæmt þeirri grein, í stað 131. gr. sömu laga. Ég er að öðru leyti samþykkur forsendum atkvæðisins og dómsorði þess.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 25. september 1946.

Ár 1946, miðvikudaginn 25. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni saka-dómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3237—39/1946: Réttvisin gegn Jóhannesi Ólafssyni, Snorra Laxdal Karlssyni og Jóni Gizurarsyni, sem tekið var til dóms 4. þ. m.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Jóhannesi Ólafssyni, Höfðaborg 79, Snorra Laxdal Karlssyni, Njálsgötu 102, fyrrverandi lögregluþjónum, og Jóni Gizurarsyni, Skúlagötu 52, fyrrverandi fangaverði, til refsingar og málskostnaðargreiðslu fyrir brot gegn 14. og 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærðu, Jóhannes Ólafsson og Snorri Laxdal Karlsson, eru komnir yfir lögaldur sakamanna. Er Jóhannes fæddur 10. nóvember 1918 í Reykjavík, en Snorri Laxdal 1. október 1915 að Bakka á Skagaströnd, og hefur hvorugur þeirra sætt ákæru eða refsingu, svo að vitað sé.

Ákærði Jón Gizurarson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 6. apríl 1902 að Byggðarhorni í Sandvíkurhreppi, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1942 $2\frac{7}{11}$ Kærður af lögreglunni í Reykjavík fyrir að hafa setuliðsvarning meðferðis. Felld niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins dags. $1\frac{5}{8}$ 1943.

1944 2% Sátt í Reykjavík, 250 kr. sekt fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 13 1941.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

I.

Aðfaranótt sunnudagsins 30. apríl 1944 var A. B-son stud. jur. á dansleik, sem haldinn var á Hótel Borg. Um klukkan 3 um nóttina var dansleiknum lokið og gekk hann þá út um suðurdyr hótelsins og kveðst hafa ætlað að biða þar fyrir utan eftir kunningja sínum, Þorsteini Þorsteinssyni, Laufásvegi 52, en þeir höfðu hitzt á dansleiknum og ætlað að fylgjast að heim,, þar sem A. B-son bjó þá á Mímisvegi 2. Beið hann þarna nokkra stund, en þar sem honum fór að lengjast biðin, gekk hann að dyrunum og ætlaði að fá að komast inn aftur, en var synjað um það. Út af þessu lenti hann í ryskingum við Ingólf Sveinsson lögregluþjón, en honum kom til hjálpar Óskar Ólason lögregluþjónn, og færðu þeir A. B-son á lög-reglustöðina. Þar var hann spurður um nafn og heimilisfang. Kveður hann lögregluþjón þann, er það gerði, hafa heyrt hann segja Guðmundur í stað A. B-son og ekki hirt um að leiðrétta þetta, sökum slæmrar framkomu lögregluþjónsins og svarað honum því út í hött. Eftir þetta var A. B-son færður í fangageymslu lögreglustöðvarinnar af ákærðu í máli þessu, og kveður hann þá hafa misþyrmt sér mjög í kjallaragangi lögreglustöðvarinnar, eins og síðar verður skýrt frá. Sunnudagsmorguninn 1. maí 1944 var A. B-son svo leiddur fyrir rétt, en þar sem hann vildi ekki viðurkenna réttmæti kæru þeirrar, er Ingólfur Sveinsson hafði skrifað, var honum sleppt úr varðhaldi og málinu frestað. Fimmtudaginn 4. maí s. á. var málið tekið fyrir og því lokið með réttarsætt mánudaginn 8. s. m., þar sem A. B-son samþykkti að greiða 50 kr. sekt til bæjarjóðs Reykjavíkur fyrir óspektir og að segja lögregluþjónni rangt til nafns síns og heimilis.

13. október 1944 hófst svo réttarrannsókn að tilhlutun málflytningsskrifstofu Áka Jakobssonar, vegna líkamsmeiðsla þeirra, er A. B-son kveðst hafa hlotið af völdum manna þeirra, er færðu hann í fangageymsluna aðfaranótt sunnudagsins 30. apríl 1944. Taldi hann þá, að það hefðu verið lögregluþjónarnir Ingólfur Sveinsson og Óskar Ólason, sem færðu hann í fangageymsluna og hefðu veitt honum áverka þá, er hann segist hafa hlotið þarna, en í réttarrannsókn þessari upplýstist, að það hefðu verið ákærðu í máli þessu, sem færðu hann í fangageymsluna. Laugardaginn 21. október 1944 lauk réttarrannsókn þessari og útskrift af henni send dómsmálaráðuneytinu, en frekara ekki gert í málinu þá.

Í skýrslu sinni frá 23. júlí 1944 segir A. B-son, að hann hafi í fyrstu gert sér vonir um, að áverkar þeir, er að framan greinir, mundu engar illar afleiðingar hafa, og þar sem hann hafi enga

löngun til að standa í illdeilum, hafi hann samþykkt að greiða sektina. En þar sem áverkarnir hafi þegar orðið honum til mikils tjóns og óséð er, hvort hann verði nokkurn tíma jafngóður, geti hann ekki látið þetta liggja í láginni lengur.

Með bréfi, dagsettu 4. desember 1945, fór lögreglustjórinn í Reykjavík fram á það, að haldið yrði áfram réttarrannsókn út af kæru A. B-sonar, með því að ákærði Jóhannes Ólafsson hefði þá um daginn lýst því yfir í votta viðurvist, að hann hafi vitað meira en hann lét í ljós við réttarrannsóknina 13. til 21. október 1944 út kæru A. B-sonar. Var þá samdægurs hafin réttarrannsókn að nýju og málið síðan höfðað samkvæmt fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins gegn hinum ákærðu.

II.

Verða nú málsatvik rakin eftir því sem upplýstst hefur.

A. B-son skýrir svo frá málavöxtum, að aðfaranótt sunnudagsins 30. apríl 1944 hafi hann farið á dansleik á Hótel Borg, sem eitthvert íþróttafélaganna hér í bænum muni hafa haldið. Með honum var kunningi hans, Árni Finnbjörnsson skrifstofumaður, Efstasundi 39, og tvær stúlkur. Vinveitingar voru á dansleiknum, en einskis áfengis kveðst A. B-son hafa neytt þar. Minnir hann, að laust fyrir klukkan 9 þetta kvöld hafi hann aðeins dreypt á vinglasi, en þó svo lítið, að það hafi engin áhrif haft á hann. Á dansleiknum hitti hann kunningja sinn, Þorstein Þorsteinson, og talaðist svo til á milli þeirra, að þeir skyldu fylgjast að heim, eins og fyrir greinir. Um klukkan þrjú um nóttina var dansleikurinn úti, en þá skömmu áður hafði A. B-son skilið við samferðafólk sitt. Kveður hann þá Þorstein hafa orðið samferða fram að fatageymslunni við suðurdyr hótelsins. Þar fékk A. B-son afhenta yfirhöfn sína og hatt og gekk út úr hótelinu á undan Þorsteini. Beið hann stutta stund fyrir utan dyrnar, en þar sem Þorsteinn kom ekki, hugðist hann fara aftur inn og sækja hann. Gekk A. B-son til dyravarðarins, sem var Tryggvi Haraldsson lögregluþjónn, Bræðraborgarstig 8, og var hann óeinkennisklæddur. Kveðst A. B-son hafa beðið dyravörðinn um leyfi til að ganga aftur inn í húsið, en segist ekki muna, hvort hann segði í hverjum erindagerðum. Segir hann Tryggva hafa spurt, hvort hann hefði verið á dansleiknum og hann kveðið já við því. Innan dyranna hafi staðið einkennisbúinn lögregluþjónn, Ingólfur Sveinsson, Hringbraut 50, og hafi dyravörðurinn snúið sér að honum og spurt, hvort A. B-son hafi verið á dansleiknum, en hverju hann svaraði, kveðst A. B-son ekki vita. Hafi dyravörðurinn því næst neitað honum um inngöngu og stjakað honum frá dyrunum.

Kveðst A. B-son hafa gengið aftur að dyrunum og ætlað að bera erindi sitt upp að nýju, en áður en honum gafst tækifæri til þess, hafi Ingólfur Sveinsson hrundið honum frá dyrunum, svo að hann hrasaði aftur á bak og lenti á bifreið, er stóð þar hjá. Segir A. B-son

annan hvort kálfann hafa komið við framvara bifreiðarinnar og hann fallið hálfvegis upp á framanvert vélarhúsið, en telur útilokað, að hann hafi getað hlotið nokkurn áverka við þetta. Kveðst A. B-son hafa reiðst þessu og spurt, hvað slík framkoma ætti að þýða, en Ingólfur hafi engu svarað, heldur snúið við og muni hafa ætlað að ganga aftur inn í hótelið, en þá hafi hann skellt útidyráhurðinni aftan á Ingólf, sem hafi snúið sér við og slegið hann með kreptum hnefa á vinstri vanga, svo að hann datt aftur fyrir sig á gangstéttina. Byltan hafi verið litil og telur hann sig engan áverka hafa hlotið við þetta, nema ef til vill á baugfingri hægri handar. Er hann var að rísa upp, kveðst A. B-son hafa séð, hvar Ingólfur stóð fyrir ofan hann með lögreglukylfu reidda til höggs, og hafi hann þá gripið um kylfuna báðum höndum, til að verjast höggi. Síðan hafi orðið nokkur átök milli þeirra um kylfuna, en brátt hafi maður komið að þeim og tekið hann haustaki aftan frá. Taldi A. B-son þetta hafa verið dyravörðinn, þar sem maður þessi hafi verið í eins litum fötum, en þessu hefur Tryggvi Haraldsson neitað. Kveðst A. B-son hafa sleppt taki sínu á kylfunni við þetta, en Ingólfur hafi þá snúið upp á hægri hönd hans aftur fyrir bak, en í sömu svifum hafi Óskar Ólason lögregluþjón borið þarna að, og hafi hann tekið vinstri hönd hans sömu tókum. Hafi lögregluþjónarnir svo leitt hann þannig á lögreglustöðina, og er hann hafi beðið þá um leyfi til að ganga frjáls, hafi Óskar sagt honum að „halda kjafti“ og þeir báðir hert svo á tókunum, að hann fór í kút með höfuðið á milli hnjóanna. Þegar inn á lögreglustöðina kom, kveður hann þá hafa hrint sér niður á trébekk, sem er inni í afgreiðsluherberginu, og er hann sat á bekknum, hafi hann tekið eftir því, að það blæddi úr baugfingri hægri handar, en rifnað hafði upp í nöglinu, svo að hann stóð upp og ætlaði að ganga að afgreiðsluborðinu til að biðja um sárabindi, en þá hafi Óskar, sem þar var nærstaddur, hrint honum niður á bekkinn. Hafi hann því næst gert aðra tilraun til að standa upp, en það farið á sömu leið. og Óskar hrundið honum öllu hranalegar en fyrr, og sagt honum að sitja þar kyrrum. Litlu síðar hafi Óskar komið með blýant og skrifblokk og spurt hann um heiti og heimilisfang, en hann sagzt ekkert hafa við Óskar að tala, en vilja ná tali af yfirmanni hans. Segist A. B-son áður hafa farið þess á leit við stöðvarmanninn eða einhvern annan, sem staðið hafi fyrir innan afgreiðsluborðið, en ekkert svar fengið, og á sömu leið hafi farið, er hann bað mann þenna um sárabindi. Kveður A. B-son svo hafa lent í orðasennu milli Óskars og sín, og hann þá sagt Óskari, að hann væri reiðubúinn að segja yfirmanni hans til nafns. Þó hafi orðið úr, að hann sagði Óskari rétt til nafns, en honum hafi misheyrzt og hann ekki leiðrétt Óskar, heldur sagzt ekkert hafa við hann að tala og þulið upp einhver nöfn. Telur A. B-son, að lögregluþjóninn hafi vitað, að hann skýrði ekki rétt frá nafni, þar sem hann hafi neitað að gefa lögregluþjóninum nokkrar upplýsingar,

enda talið víst, að hann yrði leiddur fyrir varðstjóra, eins og hann hafði krafizt, og þá geta skýrt frá öllum málavöxtum.

Tryggvi Haraldsson lögregluþjónn kveðst umrædda nótt hafa verið dyravörður, óeinkennisklæddur, við suðurdyrnar á Hótel Borg. Um það leyti, sem dansleiknum var að ljúka, kveður hann mann nokkurn hafa komið að dyrunum og viljað fá að fara inn í húsið. Hafi maður þessi togað í hurðina á móti sér, ætlað að ýta sér til hliðar og komast þannig inn í húsið. Kveður Tryggvi dyrnar hafa verið lokaðar eða hallað aftur og hann haldið í húninn að innanverðu. A. B-son neitar því aftur á móti, að hann hafi ætlað að ryðjast inn með valdi, segir dyrnar hafa verið opnar og dyravörðinn hafa staðið í þeim. Hvorki minnst Tryggvi þess, að maðurinn hafi sagt í hverjum erindagerðum hann vildi komast inn á dansleikinn, né heldur, að hann hafi sagzt hafa verið þar fyrr um nóttina. Ekki kveðst Tryggvi hafa spurt Ingólf Sveinsson að því, hvort maðurinn hefði verið á dansleiknum, enda hafi Ingólfur ekki verið staddur við dyrnar, er maðurinn kom fyrst að þeim, heldur hafi Ingólfur komið til aðstoðar, er maðurinn ætlaði að ryðjast inn og ýtt honum frá dyrunum. Ekki kveðst Tryggvi hafa séð manninn detta eða hrasa, enda hafi hann lokað dyrunum og ekki séð hvað fram fór um hríð, en er hann opnaði dyrnar aftur, hafi Ingólfur og margnefndur maður verið í ryskingum. Segir Tryggvi, að honum hafi virzt maðurinn ætla að slá Ingólf, en Óskar Ólason hafi komið þarna að Ingólfi til aðstoðar, og hafi þeir lögregluþjónarnir fært manninn á lögreglustöðina. Eftir þetta kveðst hann ekki hafa séð manninn. Ekki kveðst Tryggvi muna, hverjum tókum þeir lögregluþjónarnir tóku hann, og ekki minnst hann þess að hafa séð Ingólf slá manninn eða hann slá Ingólf.

Ingólfur Sveinsson lögregluþjónn, Hringbraut 50, skýrir svo frá, að hann hafi verið einkennisklæddur til aðstoðar á dansleiknum við suðurdyrnar á Hótel Borg, er A. B-son kom þangað aðfaranótt sunnudagsins 30. apríl 1944 og vildi komast inn á dansleikinn. Ekki kveðst hann minnst þess, að A. B-son hafi skýrt frá erindi sínu, en hann segist hafa sagt honum, að hann fengi ekki að fara inn í húsið, enda hafi dansleiknum verið lokið eða um það bil. Þar sem A. B-son hafi endilega viljað komast inn, kveðst hann hafa ýtt honum frá dyrunum, en veit ekki, hvort hann hrasaði. Kveður hann A. B-son þá hafa sparkað í sig og ætlað að skella á sig hurðinni, en það ekki tekizt. Segist Ingólfur þá hafa gripið til kylfu sinnar og danglað í annað hvort læri A. B-sonar, en telur útilokað, að hann hafi getað hlotið nokkur meiðsl af því. Er hér var komið, hafi tekizt sviptingar milli þeirra, en í þeim svifum hafi Óskar Ólason komið til aðstoðar og þeir lögregluþjónarnir tekið A. B-son venjulegum lögreglutökum, snúið hendur hans aftur fyrir bak og leitt hann þannig á lögreglustöðina og ekki haft frekari afskipti af A. B-syni eftir það. Ekki minnst Ingólfur þess, að A. B-son hafi

farið þess á leit að fá að ganga frjáls eða að honum hafi verið hrint á trébekk í afgreiðsluherbergi lögreglustöðvarinnar. Ingólfur hefur eindregið neitað því að hafa slegið A. B-son í andlitið og A. B-son neitar að hafa sparkað í Ingólf og segist ekki hafa séð hann með kylfu, nema þegar hann sjálfur var að risa upp, og þá gripið í hana báðum höndum, eins og fyrr greinir.

Óskar Ólason lögregluþjónn, Bergstaðastræti 12, kveðst hafa verið einkennisklæddur, er hann kom Ingólfi til aðstoðar. Hafi hann þá verið á heimleið, en fyrr um kvöldið við dyravörzlu í einhverju samkomuhúsi bæjarins. Segist hann hafa séð þá A. B-son og Ingólf í einhverjum átökum, en ekki séð, að Ingólfur væri með. Ekki kveðst hann heldur hafa séð þá Ingólf eða A. B-son berja eða sparka í hvorn annan. Kveður hann þá lögregluþjónana hafa snúið hendur A. B-sonar aftur fyrir bak, sem sé venjulegt lögreglutak, og hafi þeir leitt hann þannig á lögreglustöðina, en þó linað á tökunum á leiðinni þangað. Hann kveðst hafa ýtt A. B-syni niður á bekkinn í afgreiðsluherbergi lögreglustöðvarinnar, en ekki hrint honum. Ekki segist hann minnst þess, að hann hafi sagt A. B-syni að „halda kjafti“ eða að A. B-son hafi beðið um sárabindi. Hann kveðst ekki heldur minnst þess að hafa spurt A. B-son að heiti. Þá hefur Óskar borið, eins og aðrir í máli þessu, að A. B-son hafi ekki verið ölvaður.

Ásgeir Þórarinn Magnússon stud. med., 24 ára að aldri, kveðst hafa komið að suðurdyrunum á Hótel Borg margnefnda nótt og þá séð, hvar A. B-son sat eins og á hækjum sér, en lögregluþjónn staðið yfir honum með reidda kylfu og slegið til hans. Hafi A. B-son þá náð taki á kylfunni, reist sig upp og sleppt síðan kylfunni, en við það hafi lögregluþjónninn nærri fallið aftur yfir sig. Í þessum svifum hafi dyravörður komið að og tekið A. B-son haustaki aftan frá, en lögregluþjónninn snúið upp á hægri handlegg hans aftur fyrir bak. Einnig hafi annar lögregluþjónn komið að og snúið á sama máta upp á vinstri handlegg A. B-sonar. Síðan hafi lögregluþjónarnir leitt hann þannig á lögreglustöðina, en þó hert á tökunum, svo að hann fór í kuðung.

A. B-son segir, að hann hafi aldrei verið leiddur fyrir varðstjóra. Hann hafi dvalizt lengi á lögreglustöðinni og spurt stöðvarmanninn, sem var einn inni í afgreiðsluherberginu, margoft að því, hvort hann fengi ekki að ná tali af varðstjóranum. Hafi honum í fyrstu verið sagt, að varðstjórinn væri ekki við, en síðar hafi sér ekki verið svarað. Er A. B-son hafði beðið nokkra stund á lögreglustöðinni, kveðst hann ekki hafa talið ástæðu til að dveljast þar lengur, boðið góða nótt og gengið út, og hugðist halda heim til sín. En þegar hann var kominn á móts við pósthúsið, hafi tveir lögregluþjónar komið á aftir honum, kallað í hann og hann svo fylgzt með þeim inn í varðstjóraherbergi lögreglustöðvarinnar, þar sem hann hafi beðið allengi, en farið svo fram í afgreiðsluherbergið. Hafi þá tveir einkennisklæddir lögregluþjónar beðið hann að fylgjast með

þeim. Var hann fús til þess og segist hafa gengið á undan þeim að útgöngudyrunum, en þá hafi annar lögregluþjónninn tekið litillega í aðra jakkaermi hans og sagt honum „að komna hérna megin“, og opnað hurð niður í kjallarann. Þegar niður í kjallaraganginn var komið, hafi annar hvor lögregluþjónninn sagt honum að fara úr frakka, en hann neitað því, enda hafi honum verið ljóst, að það átti að færa hann í varðhald, og því krafizt þess á ný að fá að tala við varðstjóra. Hingað til kveðst A. B-son ekki hafa séð nema lögreglumennina tvo, en nú hafi hann heyrt í þriðja manningum, óeinkennisklæddum, sem síðar hafi reynzt vera fangavörðurinn. Hafi hann sagt við lögregluþjónana „lemjið þið helvítis þrjótinn“. Telur A. B-son, að fangavörðurinn hafi komið á eftir þeim niður í kjallarann, enda hafi hann séð hann fyrir aftan lögregluþjónana. Kveðst A. B-son nú hafa gengið í suðvesturhorn kjallaragangsins og hafi snúið baki að vegg, en lögregluþjónar gengið að honum. Hafi hann þá gripið höndum fyrir framan brjóst, til að verjast því að verða færður úr yfirhöfn. Hafi lögregluþjónarnir þá tekið í sinn hvorn handlegg hans, snúið upp á þá aftur fyrir bak, en hann þá snúið baki að þeim, skáhallt að útgöngudyrunum, eins og sést á réttarskjölum nr. 13—14. Kveðst hann nú hafa verið hálfboginn með hendur fyrir aftan bak og eigi séð hvað þar gerðist, en þar voru lögregluþjónarnir og fangavörðurinn. Allt í einu segist hann hafa fengið högg neðan hægra eyra upp á hægra kinnbein, og telur hann höggið hafa verið greitt sér með gúmmikylfu.

Segist hann strax hafa orðið „vankaður“, hálfringlaður af högginu, og sé honum því ekki alveg ljóst, hvornig hann var barinn eftir þetta, en hann féll á gólfið og rankaði ekki við sér aftur fyrr en búíð var að færa hann úr jakka og frakka, en vissi þó til að háls-lín var tekið af honum, belti og skór. Meðan þessu fór fram, kveðst hann hafa setið á gólfinu. Hann segist þó hafa orðið þess var, að hann hafi verið barinn með kylfu yfir bringspalir og kvið. Ekki kveður hann sér vera ljóst, hvornig hann hafi fengið högg á scrotum, og ekki orðið var við meiðsli þar fyrr en hann var kominn inn í fangaklefan, en þangað hafi fangavörðurinn og annar lögregluþjónninn stutt hann. Kveður hann sér ekki hafa verið fært vatn í klefan fyrr en kl. 7 um morguninn.

Ákærði Jóhannes Ólafsson lögregluþjónn, Höfðaborg 79, en hann var einn þeirra manna, sem færði A. B-son í fangaklefa, hefur skýrt svo frá, að hann hafi heyrt Matthías Sveinbjörnsson varðstjóra yfirheyra A. B-son í afgreiðsluherbergi lögregluvarðstofunnar og gefa fyrirskipun um að færa hann í fangaklefa.

Í réttarhaldi 14. október 1944 kveðst hann hafa heyrt Þórarinn Hallgrímsson stöðvarmann spyrja A. B-son að heiti. Segist ákærði Jóhannes að öllu leyti muna betur eftir málsatvikum eins og meðákærði í réttarhöldunum 1945 en hann gerði í réttarhöldunum 1944, því að hann hafi lagt þetta niður fyrir sér og reynt að muna betur

einstök atriði. Kveðst ákærði Jóhannes hafa dvalizt allan tímann inni í afgreiðsluherbergi lögregluvarðstofunnar frá því komið var með A. B-son þangað og þar til hann var fluttur í fangaklefan og hafi eigi liðið meira en 10 mínútur þar á milli. Hann kveðst ekki hafa orðið var við, að A. B-son gengi út af lögregluvarðstofunni eða gengi inn í herbergi varðstjóra. Þá kveður kærði Jóhannes, að A. B-syni hafi ekki verið hrint á bekkinn í afgreiðsluherberginu, heldur hafi honum verið ýtt niður á hann. Kveður ákærði Jóhannes A. B-son lítilega hafa sýnt mótþróa í afgreiðsluherberginu, en verulega, er komið var niður í kjallarann. Ekki kveðst ákærði Jóhannes muna, hvort hann hafi gengið á undan A. B-syni eða á eftir honum niður kjallaraganginn. En er þangað var komið, hafi meðákærði Jón ætlað að færa A. B-son úr jakka og taka lausamuni úr fötum hans. Þessu hafi A. B-son mótmælt og veitt þá meiri mótspyrnu en áður, svo að þeir lögregluþjónarnir hafi snúið upp á hendur hans og keyrt þær aftur fyrir bak. Við þetta hafi A. B-son sett á gólfið, en þeir lögregluþjónarnir sleppt tókunum. Hafi nú meðákærði Jón skipað A. B-syni að standa upp, sparkað þrisvar til fjórum sinnum aftan í hægri lend hans og sagt við þá lögregluþjónana „berjið þið helvitis þrjátínn“ eða eitthvað á þá leið. Þeir lögregluþjónarnir hafi þó ekki orðið við þessum tilmælum, en sett A. B-son inn í fangaklefan, er hann hafði verið færður úr jakkanum, og eigi hafi þurft að styðja hann þangað. Ekki kveður ákærði Jóhannes að A. B-son hafi fallið í öngvit og ekki var hægt að sjá á honum nokkra áverka. Er A. B-son sat á gólfinu og færa átti hann úr yfirhöfn, kveður ákærði Jóhannes meðákærða Snorra Laxdal hafa staðið beint fyrir aftan A. B-son, meðákærða Jón til hægri handar við Snorra, en sjálfur kveðsi hann hafa verið til vinstri við hann „eins og sýnt er á réttarskjali nr. 18. Þá segir hann þá lögregluþjónana hafa farið á undan meðákærða Jóni upp úr kjallarannum, en hve lengi hann dvaldist þar, kveðst ákærði Jóhannes eigi vita. Ákærði Jóhannes hefur eindregið neitað því, að hann hafi gripið til kylfu sinnar, sem var úr tré, í viðskiptunum við A. B-son, og fullyrðir það sama um meðákærða Snorra Laxdal. Hann segist ekki heldur hafa séð fangavörðinn berja eða sparka í A. B-son, nema í hægri lend hans, eins og fyrr greinir. Ákærði Snorri Laxdal Karlsson, Njálsgötu 102, kveðst hafa, ásamt meðákærða Jóhannesi og Jóni, fært A. B-son í fangageymsluna samkvæmt skipun varðstjórans, Matthíasar Sveinbjörnssonar. Hann kveðst ekki minnst þess, að A. B-son hafi stimpazt við fyrr en færa átti hann úr yfirhöfn í kjallaraganginum. Kveður hann sig minna, að meðákærðu Jón og Jóhannes hafi verið lagðir af stað með A. B-son niður í kjallara, er honum var einnig skipað færa hann þangað. Segir hann þá lögregluþjónana hafa leitt A. B-son á milli sín, en hvort meðákærði Jón hafi gengið á undan þeim eða eftir, man hann ekki. Er færa hafi átt A. B-son úr yfirhöfn, hafi hann stimpazt á móti, svo að þeir lögregluþjónarnir hafi keyrt hendur hans aftur

fyrir bak, svo að hann settist á gólfið, en meðákærðu Jóhannes og Jón hafi fært hann úr jakkanum. Ákærði Snorri Laxdal hefur eindregið neitað því að hafa barið eða sparkað í A. B-son og segist ekki heldur hafa séð meðákærða gera það. Segist hann hafa heyrt meðákærða Jón hafa orð á því, hvort „ekki væri hægt að láta helvitis manninn hlýða“ og „réttast væri að berja þessa djöfla“, en hvort það hafi verið í þetta skipti, er hann ekki viss um. Minnir hann að fangavörðurinn, meðákærði Jón, hafi farið til þess að opna dyrnar að fangaklefanum, er A. B-son neitaði að fara úr jakkanum, og þeir lögregluþjónarnir sneru svo upp á hendur hans, að hann settist á gólfið. Hafi svo meðákærði Jón komið til baka og fært hann úr yfirhöfn. Ákærði Snorri segir A. B-son hafa setið þannig á kjallara-gólfinu, að fætur hans hafi snúið í norður inn ganginn. Minnir hann, að hann hafi staðið vinstra megin við A. B-son, en meðákærði Jóhannes hægra megin við hann, eins og sýnt er á réttarskjali nr. 17. Hann kveður A. B-son ekki hafa fallið í öngvit, og segist ekki muna, hver hafi fært hann inn í fangaklefan, en minnir, að þeir allir þrír ákærðu hafi verið samferða upp úr kjallaranum.

Ákærði Jón Gizurarson, Skúlagötu 52, kveður A. B-son hafa verið fluttan í fangageymslu samkvæmt skipun varðstjórans. Kveðst hann ásamt meðákærða Jóhannesi hafa verið lagður af stað með A. B-son niður í kjallara, er meðákærði Snorri kom að þeim, en þeir lögregluþjónarnir hefðu síðan leitt A. B-son niður, en sjálfur hafi hann opnað hurðina að ganginum, sem liggur að fangaklefanum, en þar hafi A. B-son hent sér í gólfið, verið mjög óstýrilátur og stimpazt gegn lögregluþjónunum. Ekki kveðst ákærði Jón hafa séð lögregluþjónana snúa upp á hendur A. B-sonar, en er hann hafi komið frá því að opna klefadyrnar, hafi A. B-son setið á gólfinu, en lögregluþjónarnir haldið í hendur hans eða axlir, en ekki kveður ákærði Jón hann hafa fallið í öngvit. Hafi A. B-son síðan verið færður úr yfirhöfn og tekið af honum belti. Minnir ákærða, að lögregluþjónarnir hafi sett A. B-son í klefan, en hann sjálfur sótt vatn handa A. B-syni. Þá segist hann hafa dvalizt einhverja stund í kjallaranum eftir að lögregluþjónarnir voru farnir þaðan og átt þá einhver orðaskipti við A. B-son. Ákærði Jón neitar því eindregið að hafa barið eða sparkað í A. B-son og segist ekki heldur hafa séð meðákærða gera það. Hann neitar því eindregið að hafa hvatt lögregluþjónana til að berja A. B-son, en segir það geta vel verið, að hann hafi spurt lögregluþjónana, hvort ekki væri hægt að láta manninn hlýða. Þá segir hann, að stimpingar hafi verið milli A. B-sonar og einhverra lögregluþjóna í afgreiðslusal lögregluvarðstofunnar og hafi A. B-syni verið hrint á eða látinn setjast á bekk þar. Ákærði Jón segist ekki hafa séð nokkurn áverka á A. B-syni, enda hafi hann ekki kvartað um nokkur meiðsli, og kveður A. B-son það rétt vera.

Matthías Sveinbjörnsson lögregluvarðstjóri, Bergþórugötu 31, er gegndi varðstjórastörfum aðfaranótt sunnudagsins 30. apríl 1944,

hefur skýrt svo frá, að hann muni ekki eftir því, að komið væri með A. B-son á lögreglustöðina, en þó er eins og hann minni, að Ingólfur Sveinsson lögregluþjónn hafi skýrt honum frá handtökunni. Telur hann alveg vist, að hann hafi úrskurðað A. B-son í varðhald, enda sé enginn settur í varðhald á lögreglustöðinni, nema varðstjóri eða staðgengill hans úrskurði það. Þá segir hann, að fyrir geti komið, að varðstjóri sjái ekki eða tali ekki við menn þá, er settir eru í varðhald, og sé þá eingöngu byggt á skýrslu lögregluþjóna. Komi þetta sértaklega fyrir, þegar um menn er að ræða, sem eru dauðadrukknir eða erfitt er að tala við.

Þórarinn Hallgrímsson lögregluþjónn, Káranesbraut 18, sem var stöðvarmaður á lögreglustöðinni aðfaranótt 30. apríl 1944, en stöðvarmaður svarar í síma, heldur dagbók lögreglunnar og situr óeinkennisklæddur fyrir innan afgreiðsluborð lögregluvarðstofunnar, kveðst ekki minnast þess, að komið hafi verið með A. B-son á lögreglustöðina. Hann segist ekki minnast þess, að nokkur maður hafi beðið um sárabindi þessa nótt eða nokkuð sérstakt hafi þá borið við.

III.

A. B-son kveðst hafa fengið eftirfarandi áverka af höggum þeim, er hann var barinn í kjallara lögreglustöðvarinnar, auk áverkans á baugfingri hægri handar, en út frá honum hafi grafið í 10 daga.

1) Kylfufar frá hægri kinnbeini niður kjálkabeinið og aftur hálsinn neðan hægri eyra.

2) Tvö kyfuhögg yfir bringspalir og kvið.

3) Högg á hægri eista.

4) Högg (sennilega skófar) neðan hægri hnés.

5) Kyfuhögg þvert yfir hægri kálfa ofan hásinar.

Alla áverka þessa kveður hann hafa reynzt meínlitla, nema áverkann á hægri eista og neðan hægri hnés.

Hann kveðst hafa hallað sér út af á bekk í fangaklefanum, er hann hafði verið látinn þar inn. Segist hann hafa verið mjög máttlaus og fundið til nokkurs sársauka í hægri testis. Þjáningar kveður hann ekki hafa verið mjög miklar, en þó svo, að hann gat ekki sofið. Frá lögreglustöðinni segist hann hafa gengið áleiðis heim til sín morguninn 30. apríl 1944, upp Bankastræti og Skólavörðustíg. Hafi hann þá verið hálfhaltur á hægri fæti, en efst í Bankastræti byrjað að finna til sárs verkjar í scrotum og þá átt mjög erfitt með gang. Sérstaklega upp stigan í húsinu Mímisvegi 2, en þar bjó hann á þriðju hæð ásamt Bergi Sigurbjörnssyni verzlunarmanni. Einnig bjó systir hans, María Ásgeirsdóttir, á sömu hæð, en inn til hennar fór hann strax og sagði henni það, sem skeð hafði. Segist hann svo hafa farið inn í íbúð sína og skoðað áverkann á scrotum og sýnt Bergi herbergisfélagu sínum þann áverka sem aðra. Kveður A. B-son

scrotum hafa verið mjög stóran og þrúttinn. Ekki hafi fundið fyrir testis, en í þess stað hafi verið eggloðuð kúla, hörð og spennit á stærð við álftaregg eða stærri. Eftir þetta kveðst hann hafa sofið í 3 til 4 tíma, en þá vaknað og verið með miklar þrautir í scrotum og sára stingi í testis, þótt hann hefði tekið inn deyfilyf. Þriðjudaginn 2. maí kveðst hann hafa farið á fætur til að mæta fyrir rétti og vitja lækni síns, Péturs Jakobssonar.

Fram undir miðjan maímánuð hafi hann svo haldið kyrru fyrir, nema þegar hann mætti fyrir rétti 4. og 8. maí. Um miðjan þann mánuð kveðst hann svo hafa leitað lækni síns að nýju, og hafi scrotum þá verið „punkteraður“. Eftir þetta kveður hann sér hafa versnað mjög og þurft að liggja með bakstra fram til 14. júní, en systir hans hafi hjúkrað honum. Um sumarið kveðst hann svo hafa dvalið vestur á Önundarfirði fram í októberbyrjun, er hann kom aftur til bæjarins. Er hann dvaldist fyrir vestan, segir hann heilsu sína hafa verið mjög slæma, og í septembermánuði hafi hann enn tekið eftir því, að scrotum tók að vaxa. 19. október var hann svo lagður inn á Landakotsspítalann til uppskurðar, og skar Matthías Einarsson yfirlæknir hann upp daginn eftir og svo aftur 13 til 14 dögum síðar. Loks var hann svo enn skorinn upp 13. nóvember og tekið burtu.

Spítalavist sinni lýsir A. B-son sem „heljar kvöl“, bæði líkamlegri sem andlegri, enda léttist hann um 35 pund á 40 dögum, og hann hafi ekki geta gengið óstuddur fyrst eftir að hann mátti hafa ferilvist. Í sjúkdómslýsingu sinni frá 8. des. 1945 segist hann ekki vera búinn að ná sér og enn hafa þrautir.

Vegna áverkans neðan hægra hnés segir hann í sjúkdómslýsingu sinni, að hann hafi oft fundið til verkjar í hnéliðnum um vorið og sumarið. Einnig hafi hann haft nokkra verki í hnénu dagana, sem hann fór fyrst á fætur á Landakotsspítalanum, og hafi verið teknar röntgenmyndir af hnénu, en ekkert athugavert sétt við það. Þó hafi hann nokkrum sinnum síðar fundið til verkjar í því og þá allajafnan verið haltur á hægra fæti.

María Ásgeirsdóttir, systir A. B-sonar, sem er útlærð hjúkrunarkona, hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekki kennt sér neins meins meðan hann bjó á Mímisvegi 2 fyrr en sunnudagsmorguninn 30. apríl 1944, en þá um morguninn kl. 11½ hefði hann komið heim og lagzt strax rúmfastur. Kveður hún hann hafa verið með mikinn áverka á hægra gagnauga niður á kinn. Allt útlit hans hafi borið þess greinileg merki, að hann hafi orðið fyrir miklu áfalli, hann verið föllur og máttlaus, og átt bágnt með að hreyfa sig. Segir hún „að hann hafi legið rúmfastur um sex vikna skeið, að undanskildum dögum þeim, er hann mætti fyrir rétti. Hún kveðst allan þennan tíma hafa hjúkrað A. B-syni, séð alla áverka hans og útbúið bakstra til að setja við scrotum, en miklar blæðingar hafi verið þar. Þá segist hún hafa dvalið með honum sumarið 1944 vestur á Önundarfirði. Hafi hann

allan þann tíma verið veikur og mátt sjá, að hann hafði þrautir, enda kveinkaði hann sér oft.

Bergur Sigurbjörnsson, herbergisfélagi A. B-sonar, hefur skýrt svo frá, að þeir félagarnir hafi farið í það saman föstudagskvöldið 28. apríl 1944 og hafi hann þá ekki getað séð neina áverka á A. B-syni eða nokkuð óvanalegt við eistu hans. Sunnudagsmorguninn 30. apríl s. á. hafi A. B-son komið heim um klukkan 11½ f. h. og hafi hann þá verið greinilega mjög veikur og þjáðst mikið, svo að gefa varð honum inn morfin, til að lina kvalirnar. Kveðst Bergur hafa séð alla áverka A. B-sonar og hafi scrotum verið bólginn, á stærð við mannshnefa. Síðar hafi scrotum verið miklu stærri og mjög bólginn, en A. B-son hafi orðið að liggja rúmfastur í sex vikur, og farið svo um sumarið vestur í Öundurarfjörð.

Þann 22. september 1944 gaf Pétur H. J. Jakobsson læknir eftirfarandi vottorð um áverka A. B-sonar:

„Hér með vottast, að A. B-son vegi Reykjavík, kom til undirritaðs þann 2. maí 1944, og var þá hægri helmingur pungsins (scrotum) helblár og hægra eista hart, spennnt og mjög aumt, á stærð við álftaregg. Augsýnilega hafði blætt í það eftir mikið högg. Auk þessa áverka var rifið upp í kviku ½ cm svæði á 4. fingri hægri handar, lófástórt gulgrænt mar á innanverðu hægra hné neðan til, en hægra gagnaugabeini gómstór, blárauður blettur.

Þann 1½ var eistað enn á stærð við gæsaregg, en ekki eins spennnt, hafði sjúklingurinn þá legið fram að þeim tíma.“

Matthías Einarsson yfirlæknir hefur þann 5. febr. 1945 gefið eftirfarandi vottorð:

„..... A. B-son lagðist á St. Jósefsspítala í Reykjavík þ. 1½₀ '44 til aðgerða vegna bólgu í hægra eista. Kvað hann bólgu þessa stafa af höggi, er hann fékk á eistað þann ¾ 1944. Eistað sagði hann að hefði bólgnað upp þá þegar eftir höggið, en bólgan þó aukizt nokkuð upp á síðkastið.

Þ. 1½₀ '44 er að finna á pungnum (scrotum) nokkuð vatn (Hydrocele) hægra megin, og eistað sjálft virðist á við gæsaregg. Við operation þ. 2½₀ '44 var eistað opnað, rann þá úr því mikið af blóðlituðum (sanguinolent) vökva og sundurmörðum testisvef, minnkandi ummál eistans við það um helming. Var það saumað saman aftur. Við rannsókn á vefjartægjum þeim, sem runnið höfðu út, reyndist þetta vera Seminoma malignum (Rannsóknarstofa háskólans, próf. Dungal) þ. e. illkynjuð meinsemd, sem einatt orsakast af meiðsli. Var þá ekki annað að gera en að taka eistað alveg burtu — enda hafði þá stækkað á ný — og var því þ. 1½₁₁ '44 gerð Allatio testis dx.

A. B-son fór af spítalanum þ. 2½₁₁ '44.“

IV.

Gegn eindregnum mótmælum hinna ákærðu er ekki sannað, að nokkur þeirra hafi barið A. B-son í kjallara lögreglustöðv-

arinnar aðfaranótt sunnudagsins 30. apríl 1944 eða á annan hátt veitt honum áverka þá, er hann kveður sig hafa hlotið þar. Ber því að sýkna alla hina ákærðu af ákæru réttvisinnar fyrir brot gegn 23. kafla almenra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Ekki verður hinum ákærðu heldur gefin að sök fangelsun, enda ekki annað upplýst, en þeir hafi þar farið eftir skipun yfirboðara síns, lögregluvarðstjórans Matthíasar Sveinbjörnssonar. Aftur á móti er sannað með framburðum A. B-sonar og ákærðu, Jóhannesar Ólafssonar og Snorra Laxdals Karlssonar, að meðákærði Jón Gizurarson hafi hvatt ákærðu, Jóhannes og Snorra, til að berja A. B-son, og viðhaft óviðurkvæmileg orð um handtekna menn. Þessi háttsemi ákærða Jóns Gizurarsonar varðar við 132. gr. hegningarlaganna.

Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærðu Jóhannes Ólafsson og Snorra Laxdal Karlsson af kærnum réttvisinnar í máli þessu, en dæma meðákærða Jón Gizurarson til að greiða 500 kr. sekt til ríkissjóðs, er afplánist með varðhaldi í 20 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða Jón Gizurarson ber einnig að dæma til að greiða $\frac{1}{3}$ hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, hrl. Ragnars Ólafssonar, kr. 500.00. Allur annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjanda ákærðu, Jóhannesar Ólafssonar og Snorra Laxdals Karlssonar, hæstaréttarlögmennanna Einars Baldvins Guðmundssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 500.00 til hvors.

Skipaðir verjendur ákærðu Snorra Laxdals Karlssonar og Jóns Gizurarsonar, hæstaréttarlögmennirnir Ólafur Þorgrímsson og Ragnar Ólafsson, hafa farið þess á leit, að framhaldsrannsókn yrði haldin í máli þessu til að reyna að upplýsa, hvað farið hafi á milli hinna ákærðu og lögreglustjórans í Reykjavík um það leyti, sem lögreglustjórinn skrifaði bréf sitt 4. desember s. l. og beiddist þess, að réttarrannsókn yrði hafin að nýju. Ekki hefur verið talin ástæða til að sinna þessari kröfu, þar eð ekki verður séð, að þetta atriði geti upplýst nánara um skipti ákærðu og A. B-sonar.

Dráttur sá, sem orðið hefur á rekstri máls þessa, stafar af því að skipa varð ákærða Jóhannesi Ólafssyni annan verjanda en hann í fyrstu hafði óskað eftir, og svo varð allangur dráttur á því, að hrl. Ólafur Þorgrímsson lyki við vörn sína.

Rekstur málsins hefur því verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði Jón Gizurarson greiði 500 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með varðhaldi í 20 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu, Jóhannes Ólafsson og Snorri Laxdal Karlsson, skulu vera sýknir af ákærum réttvisinnar í máli þessu.

Ákærði Jón Gizurarson greiði $\frac{1}{8}$ hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, hrl. Ragnars Ólafssonar, kr. 500.00. Allur annar kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu, Jóhannesar Ólafssonar og Snorra Laxdals Karlsonar, hæstaréttarlögmanna Einars Baldvins Guðmundssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 500 til hvors. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. nóvember 1948.

Nr. 116/1948. **Valdstjórnin** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Alfred Samuel Evans (Hrl. Lárus Fjeldsted).

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur markað á sjóuppdrátt stað togara kærða í landhelgi, og reyndist hann vera rúmlega 0.6 sjómílu innan landhelgilínu. Samkvæmt þessu og þar sem gullgildi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því, sem greinir í héraðsdómi, þykir með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti bera að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 900 krónur til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómari hefur ekki látið dóm túlk þann, er var viðstaddur þinghöld í málinu og ekki hafði löggingu til þess starfa, vinna heit fyrir dómnum áður en hann hóf starfið. Einnig eru próf málsins ærið ófullkomin, en úr því hefur þó verið bætt að nokkru eftir uppkvaðningu héraðsdóms að tilhlutan sækjanda í hæstarétti.